

67

24. apríl

## L Ö G

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán til virkjunar Efra-Sogs, allt að kr. 100 000 000 — eitt hundrað milljónir króna — eða tilsvarendi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda komi samþykki ríkisstjórnarinnar til.

Ef hentara þykir, getur ríkisstjórnin ákveðið, að Framkvæmdabanki Íslands fyrir hönd ríkissjóðs taki lán þau, er um ræðir í 1. málsgr., og endurláni féð Sogsvirkjuninni gegn gildum tryggingum.

Ríkissjóður og bæjarsjóður Reykjavíkur bera sameiginlega, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, ábyrgð á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar samkv. lögum þessum, en innbyrðis er ábyrgð hvors aðila takmörkuð við eignarhluta hans í Sogsvirkjuninni á hverjum tíma, sbr. sameignarsamning, dags. 30. júlí 1949.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.*

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

---

*Steingrímur Steinþórsson.*

68

24. apríl

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

90. tölul. í 1. gr. laganna orðist svo:

*Höfðakaupstaður*: Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir.

Prestssetur: Höfðakaupstaður.

## 2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda, þegar notuð hefur verið heimild sú, er felst í bráðabirgðaákvæði laganna um prestsseturshús í Höfðakaupstað.